

Sþ. 286. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um að skipta í akreinar blindhæðum á þjóðvegum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að vegamálastjóri láti skipta í akreinar blindhæðum og blindbeygjum á þjóðvegum landsins. Skal verkið hafið eins fljótt og auðið er vegna veðráttu og haldið áfram sleitulaust næsta sumar.

Fjár til framkvæmdanna skal afla í sambandi við lánsútvegum vegna framkvæmdaáætlunar 1968.

Greinargerð.

Með ákvörðun Alþingis um að fresta í engu framkvæmd hægri umferðar verður ekki hjá því komið að gera róttækar ráðstafanir til lagfæringar á vegakerfi landsins, eins fljótt og auðið er að vinna það verk vegna klaka í jörðu. Breyting sú, sem gera þarf, er að skipta öllum blindhæðum og blindbeygjum á þjóðvegakerfinu í akreinar. Blindhæðir á vegum eru þeir staðir, sem mesta hættan mun stafa af vegna breytingarinnar frá vinstri til hægri umferðar. Þau ósjálfráðu viðbrögð, sem bifreiðarstjórar verða oft að grípa til, er þeir mætast á slíkum stöðum, munu reynast þeim hættuleg fyrst í stað.

Það er með öllu óafsakanlegt að gera ekki allt til þess að koma í veg fyrir slys af völdum breytingarinnar, en það teljum við flutningsmenn ekki gert, ef að þessari framkvæmd verður ekki unnið af fullkominni atorku. Okkur er ljóst, að hér er um verulega fjármuni að ræða, er þarf til þess að koma þessu verki í framkvæmd. Okkur er það einnig ljóst, að vegasjóður hefur ekki fjármagn til að sinna þessu verki. Þess vegna verður hér að koma til lánsfé, sem ríkisstjórnin verður að útvega í sambandi við framkvæmdaáætlun 1968.

Að okkar dómi er brýn nauðsyn, að þessi endurbót verði gerð á þjóðvegum um allt landið.